

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður mánudaginn 13. febrúar 2023.

Mál nr. 95/2023:

## Efling stéttarfélag

(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

gegn

## ríkissáttasemjara

(*Edda Björk Andradóttir lögmaður*)

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Arnfríður Einarsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 7. febrúar 2023. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. febrúar 2023 í málinu nr. A-652/2023 þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um að fá afhenta eða gerða sér aðgengilega úr hendi sóknaraðila með beinni aðfarargerð skrá í vörslum sóknaraðila með kennitölum allra atkvæðisbærra félagsmanna hans sem teljast á kjörskrá miðað við 26. janúar 2023 og hafa atkvæðisrétt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu varnaraðila, sem lögð var fram 26. janúar 2023 í kjaradeilu sóknaraðila og Samtaka atvinnulífsins. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfu varnaraðila um aðför verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði, auk kærúmálskostnaðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

### Niðurstaða

- Svo sem nánar er rakið í hinum kærða úrskurði varðar sakarefni málsins það álitafni hvort varnaraðili geti með beinni aðfarargerð á grundvelli 78. gr., sbr. 73. gr., laga nr. 90/1989 fengið afhenta eða gerða sér aðgengilega úr hendi sóknaraðila áður nefnda skrá.
- Heimild til að leita aðfarar á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1989 er háð því skilyrði að manni sé með ólögmaetum hætti aftrað að neyta réttinda, sem hann telur sig eiga til umráða yfir einhverju og fullnægja mætti með aðför samkvæmt 72. eða 73. gr. laganna ef dómsúrlausn eða sátt væri fyrir hendi um þau. Þurfa réttindin að vera svo ljós, að hægt sé í dómsmáli um heimild til aðfarar að færa sönnur fyrir þeim með gögnum sem afla má samkvæmt 83. gr. laganna. Í 73. gr. laga nr. 90/1989 kemur fram að til að

fullnægja skyldu gerðarþola til að veita gerðarbeiðanda umráð annars en fasteignar skuli sýslumaður taka það með valdi úr umráðum gerðarþola og afhenda gerðarbeiðanda. Í þessu felst að áþreifanlegur hlutur er tekinn frá gerðarþola og fenginn gerðarbeiðanda til frambúðar á grundvelli þess að hann eigi rétt til umráðanna vegna eignarréttar eða annarra réttinda sem fela í sér heimild til umráðanna, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 15. apríl 2021 í máli nr. 7/2021 og 20. mars 1968 í máli nr. 190/1967, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 315.

- 6 Samkvæmt framangreindu er eingöngu unnt að notast við beina aðfarargerð á grundvelli 78. gr., sbr. 73. gr., laga nr. 90/1989 að fullnægt sé því skilyrði að gerðarbeiðandi eigi rétt til umráða yfir viðkomandi hlut á grundvelli eignarréttar eða annarra réttinda sem veita honum umráðarétt. Í því tilviki sem hér um ræðir þarf því að liggja fyrir að varnaraðili eigi lögbundið tilkall til umráða eða aðgangs að kjörskrá sóknaraðila og að sá réttur sé svo ljós að hægt sé að færa sönnur á hann með sönnunargögnum sem afla má samkvæmt 83. gr. laga nr. 90/1989. Í síðastnefndu felst að það þarf að vera hægt að sýna fram á umráðaréttinn með öðrum sönnunargögnum en framburði vitnis, matsgerð eða skoðunargerð. Þá þarf að liggja fyrir að kjörskráin sé til og að hún sé í vörslum sóknaraðila.
- 7 Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er varnaraðila heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu ef samningaumleitani hans bera ekki árangur. Segir þar jafnframt að miðlunartillögu skuli leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Ber sáttasemjara að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber slíka tillögu fram.
- 8 Með lögum nr. 75/1996 sem tóku gildi 19. júní 1996 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 80/1938. Af almennum athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 75/1996 má ráða að þessum breytingum hafi meðal annars verið ætlað að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði í því augnamiði að auðvelda og einfalda gerð kjarasamninga. Var breytingunum ætlað að stuðla að friðsamlegum samningum og draga úr átökum á vinnumarkaði og langvinnum vinnustöðvunum með skýrari leikreglum sem ættu að stuðla að frjálsum samningum á vinnumarkaði. Með lögunum voru meðal annars gerðar breytingar á lagaskilyrðum fyrir heimild ríkissáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögu. Var ríkissáttasemjara fengin heimild til að ákveða póstatkvæðagreiðslu og utankjörfundaratkvæðagreiðslu og er þá heimild nú að finna í 2. og 3. málslíð 3. mgr. 29. gr. laga nr. 80/1938. Í athugasemdum með fyrrgreindu frumvarpi kemur fram að beinar lagaheimildir ríkissáttasemjara til að taka ákvörðun um tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu yrðu, með þeim breytingum sem þar voru lagðar til, auknar til samræmis við hugmyndir sem komu fram í vinnuhóp félagsmálaráðherra um samskiptareglur á vinnumarkaði og ábendingar ríkissáttasemjara.

- 9 Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 80/1938 skal miðlunartillaga borin undir atkvæði atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi. Samkvæmt 1. málslíð 3. mgr. 29. gr. laganna er meginreglan sú að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram á kjörfundi sem standi yfir í fyrir fram ákveðinn tíma. Í 2. málslíð sömu málsgreinar er ríkissáttasemjara hins vegar veitt heimild til að ákveða, að höfðu samráði við aðila vinnudeilu, að atkvæðagreiðsla um slíka tillögu fari fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í 3. málslíð málsgreinarinnar er ríkissáttasemjara jafnframt veitt heimild til að ákveða, með sama skilyrði um samráð, að í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar fari atkvæðagreiðslan fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Samkvæmt lokamálslíð 3. mgr. 29. gr. gefur ríkissáttasemjari að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyrirmæli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram, og skal hún vera skrifleg og leynileg.
- 10 Í lögskýringargögnum með 3. mgr. 29. gr. laga nr. 80/1938, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 75/1996, segir um heimild ríkissáttasemjara til að taka ákvörðun um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu utan kjörfundar:

Í 2. másl. 3. mgr. er hins vegar ákvæði sem felur í sér tilbrigði við meginregluna en ekki sjálfstæða tilhögun atkvæðagreiðslu. Auk kjörfundaratkvæðagreiðslu er ríkissáttasemjara heimilað að efna til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Er þá unnt að nýta hvers konar tækni til utankjörfundaratkvæðagreiðslu hvar sem er í lögsögu íslenska ríkisins án þess að öllum félagsmönnum, sem miðlunartillagan tekur til, sé gert að mæta á kjörfund. Gæti þetta tilbrigði t.d. átt við um bifreiðarstjóra og sjómenn. Sem dæmi má nefna að bréfsími eða tölvutækni sé notuð í þessu sambandi. Þó verður að árétta að ávallt gildir í hvítvetna sú grunnregla 5. másl. 3. mgr. um að atkvæðagreiðsla skuli vera skrifleg og leynileg. Því verður að tryggja að hæfur aðili, svo sem sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans eða skipstjóri, sé tilnefndur hverju sinni af ríkissáttasemjara til þess að votta að atkvæðisbær félagsmaður hafi gert grein fyrir sér og greitt leynilega atkvæði að honum nærstöddum á til þess gerða ómerkta atkvæðaseðla. Atkvæðin eru síðan send nafnlaus með tiltækri tækni á skrifstofu ríkissáttasemjara sem sér um að þau fari strax í kjörkassa þegar sannreynt hefur verið að atkvæðin séu send frá til þess bærum aðila. Fulltrúum aðila vinnudeilu er heimilt að vera við atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða eftir því sem við verður komið á eigin kostnað og ábyrgð svo sem almennt tíðkast í lýðræðislegum kosningum, sbr. niðurlag k-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 30. gr. laganna).

Í 3. másl. 3. mgr. er nýtt ákvæði sem heimilar ríkissáttasemjara að ákveða að atkvæðagreiðsla skuli fara fram með almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðila vinnudeilu, sem miðlunartillaga tekur til, í stað meginreglunnar um atkvæðagreiðslu á kjörfundi og eftir atvikum utan kjörfundar eins og fyrr greinir. Ekki er um að ræða undantekningarákvæði heldur frávik í þeim skilningi að ríkissáttasemjari getur valið að fara þessa leið þegar honum þykir það henta. Kostnaður við almenna póstatkvæðagreiðslu um miðlunartillögu yrði greiddur af ríkinu og bókfærður hjá embætti ríkissáttasemjara og

felst því jafnframt í ákvæðinu efnisleg lagaheimild fyrir ríkissáttasemjara til að efna til slíks kostnaðar sem greiddur yrði samkvæmt fjárlögum ríkisins. Póstatkvæðagreiðslan er að sjálfsögðu leynileg og skrifleg í samræmi við grunnreglu 5. málsl. 3. mgr. Að þessum þætti verður því að huga við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni í ljósi þeirrar reynslu sem skapast.

- 11 Í almennum athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 75/1996 til breytinga á lögum nr. 80/1938 er jafnframt að finna nánari umfjöllun um póstatkvæðagreiðslu. Er þar vikið að því hvað sé átt við með slíkri atkvæðagreiðslu en þar segir jafnframt að þegar greidd séu atkvæði um miðlunartillögu með þessum hætti sé „frumkvæði og stjórn póstatkvæðagreiðslu [...] í höndum ríkissáttasemjara“.
- 12 Af framangreindum ákvæðum laga nr. 80/1938 og lögskýringargögnum verður ótvírætt ráðið að varnaraðili hafi lögbundinn rétt til að taka ákvörðun um að atkvæðagreiðsla skuli fara fram um miðlunartillögu sem hann hefur sett fram á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laganna sem og ákveða tilhögun og framkvæmd hennar. Þannig segir meðal annars í fyrrgreindum lögskýringargögnum með 2. málslið 3. mgr. 29. gr. að varnaraðila sé heimilað „að efna til atkvæðagreiðslu“ utan kjörfundar og um 3. málslið sömu lagagreinar „ákveða að atkvæðagreiðsla skuli fara fram“. Það leiðir af eðli máls að til þess að unnt sé að efna til slíkrar atkvæðagreiðslu þarf kjörskrá aðila vinnudeilu að liggja fyrir.
- 13 Þótt ráða megi af fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 80/1938 að varnaraðila sé ótvírætt heimilt að eiga frumkvæði að því að efna til atkvæðagreiðslu og gefa fyrirmæli um framkvæmd hennar verður hvergi af þeim ráðið að aðila vinnudeilu sé skylt að afhenda honum kjörskrá sína áður en til slíkrar atkvæðagreiðslu kemur eða veita honum aðgang að henni. Verður hvorki fallist á að skylda til þess verði ráðin af 26. gr. laganna né 30. gr. þeirra. Þá er hvergi í lögnum kveðið á um að varnaraðila sé heimilt að knýja aðila vinnudeilu til afhendingar kjörskrár eða aðgangs að henni við þær aðstæður að sá síðarnefndi telji sér það ekki skylt. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum, sem voru tekin upp í III. kafla laga nr. 80/1938 við setningu laga nr. 75/1996, var lagt til í 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins að varnaraðila yrði fengin heimild til að fá afhenta kjörskrá áður en atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu hæfist. Sagði þar orðrétt: „Áður en atkvæðagreiðsla hefst skal afhenda sáttasemjara kjörskrá.“ Fyrir liggur að þessi tillaga var felld út úr frumvarpinu áður en það var samþykkt sem lög nr. 33/1978. Var tillagan felld úr frumvarpinu samkvæmt tillögu félagsmálanefndar sem hafði fengið frumvarpið til umsagnar eftir fyrstu umræðu. Var breytingin á frumvarpinu gerð að fengnum umsögnum frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Í ræðu formanns félagsmálanefndar sem gerði grein fyrir breytingartillögunni í annarri umræðu um frumvarpið, sagði um þetta:

Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir, og n. hefur kynnt sér afstöðu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til þess. N. mælir með að frv. verði samþ. með breyt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. [...]

[Önnur breytingartillagan við frumvarpið] er við 9. gr. frv. Sú [breytingartillaga] er í tveimur liðum. A-liður er um að 5. mgr. falli niður. 5. mgr. er á þessa leið: „Áður en atkvgr. hefst skal afhenda sáttasemjara kjörskrá. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.“ Þarna er um að ræða vissar skyldur varðandi afskipti eða eftirlit sáttasemjara með kosningum í verkalýðsfélögunum varðandi vinnudeilur, og það er lagt til að þetta falli niður. – Sömu leiðis er lagt til að 7. mgr. sömu greinar falli niður, en hún er á þessa leið: „Sáttasemjara eða fulltrúum hans er heimilt að vera viðstaddir kjörfundi.“ Það er lagt til að þessi heimild sé felld niður. Hvort tveggja miðar að því að draga úr valdi eða stöðu sáttasemjara í þessum tilteknu tilvikum. [...]

Ég vil láta koma hér fram að þessar [breytingartillögur] eru gerðar að ósk Alþýðusambands Íslands. Það hefur verið gengið út frá því og það hefur verið vilji hæstv. félmrh., að þetta mál næði ekki fram að ganga nema væri full samstaða um það og ekki ágreiningur við aðila vinnumarkaðarins. Og til þess að fullnægja þessu skilyrði eru þessar till. bornar fram. Ég vil taka það fram, að einstakir [nefndarmenn] telja að þetta sé ekki til bóta, þó að aðrir [nefndarmenn] kunni að telja að svo sé. [Breytingartillögurnar] eru því fyrst og fremst miðaðar við að samstaða sé um málið. Ég vil taka það fram, að Vinnuveitendasamband Íslands telur ekki vera til bóta, nema síður sé, að fella niður ákvæðin í 9. og 12. gr. sem [breytingartillaga] félmn. gerir ráð fyrir. En Vinnuveitendasambandið lætur kyrrt liggja í þeirri merkingu, að Vinnuveitendasambandið gerir ekki ágreining um að málið nái fram að ganga í þeirri mynd sem hv. Félmn. leggur til.

- 14 Af framangreindum lögskýringargögnum verður skýrlega ráðið að ekki var samstaða milli aðila vinnumarkaðarins um hvort rétt væri að veita varnaraðila umráð yfir kjörskrá aðila vinnudeilu í aðdraganda atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Bera gögnin með sér að Alþýðusamband Íslands hafi verið mótfallið slíkri tillögu og hún hafi af þeim sökum verið felld út úr frumvarpinu til að tryggja sátt um framgang frumvarpsins. Svo sem fram kemur hér að framan miðaði breytingartillagan að því að „draga úr valdi eða stöðu sáttasemjara“.
- 15 Samkvæmt öllu framangreindu er ekki aðeins svo að ákvæði laga nr. 80/1938 kveði ekki á um heimild varnaraðila til umráða yfir kjörskrá sóknaraðila heldur benda lögskýringargögn jafnframt eindregið til þess að vilji löggjafans hafi ekki staðið til þess að hann fengi slíkan aðgang. Myndi lögskýring sem kvæði á um að hann fengi slíkan aðgang þannig beinlínis ganga gegn vilja löggjafans eins og hann birtist í framangreindum gögnum. Þá er til þess að líta við skýringu laganna að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu sem lögð hefur verið fram á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga nr. 80/1938 felur í sér inngríp í samningsrétt stéttarféлага og atvinnurekenda sem nýtur verndar 1. málsliðar 1. mgr. 74. gr., sbr. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, og 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af því leiðir óhjákvæmilega að ákvæðum laga nr. 80/1938 verður um

framangreint ekki ljáð rýmri merking en felst í bókstaflegum skilningi þeirra. Samkvæmt því verður ekki fallist á að fyrir liggi að varnaraðili eigi lögbundið tilkall til umráða yfir kjörskrá sóknaraðila eða eftir atvikum aðgangs að henni, sbr. fyrrgreindan áskilnað 73. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 78. gr. sömu laga. Ber af þeirri ástæðu að hafna kröfu hans.

16 Rétt þykir að málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður falli niður.

### **Úrskurðarorð:**

Hafnað er kröfu varnaraðila, ríkissáttasemjara, um að fá afhenta eða gerða sér aðgengilega úr hendi sóknaraðila, Eflingu stéttarfélags, með beinni aðfarargerð skrá í vörslum sóknaraðila með kennitölum allra atkvæðisbærra félagsmanna hans sem teljast á kjörskrá sóknaraðila miðað við 26. janúar 2023 og hafa atkvæðisrétt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu varnaraðila, sem lögð var fram 26. janúar 2023 í kjaradeilu sóknaraðila og Samtaka atvinnulífsins.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Rétt endurrit staðfestir

13.2.2023

Gjald: 1.800 kr.